



## **Reglur Sandgerðisbæjar um útleigu íbúða fyrir einstaklinga 60 ára og eldri.**

### **1. gr.**

#### **Markmið**

Íbúðum eldri borgara í Miðhúsum í eigu Sandgerðisbæjar er ætlað að vera húsnæðisvalkostur fyrir íbúa Sandgerðisbæjar sem eru orðnir 60 ára eða eldri.

Í fjölbýlishúsinu er aðgengi að skipulögðu félagsstarfi og mótuneyti.

Ekki er um sértækt þjónustuúrræði að ræða en íbúum stendur til boða samskonar þjónusta og öðrum íbúum bæjarfélagsins sem búa á einkaheimilum.

### **2. gr.**

#### **Upplýsingar um lausar íbúðir**

Sviðsstjóri húsnæðis-, skipulags- og byggingarmála auglýsir íbúðir í Miðhúsum í eigu Sandgerðisbæjar til leigu innan Sandgerðisbæjar þegar þær eru tilbúnar til útleigu.

### **3. gr.**

#### **Umsókn**

Skriflegri umsókn skal skilað til bæjarskrifstofu Sandgerðisbæjar. Umsóknin gildir þar til auglýstri íbúð hefur verið úthlutað.

### **4. gr.**

#### **Skilyrði**

Skilyrði fyrir að umsókn sé tekin til greina er að umsækjendur séu:

- 60 ára eða eldri.
- Hafi átt lögheimili í sveitarfélaginu samfleytt síðastliðna 12 mánuði.

## **5. gr.**

### **Undanþágu frá skilyrðum**

Undanþágu frá búsetuviðmiðum má gera á félagslegum forsendum, að undangengnu mati félagsráðgjafa og með samþykki fjölskyldu- og velferðarnefndar. Við undanþágu frá búsetuviðmiðum er fyrst og fremst litið til aðstæðna einstaklinga sem óska eftir að flytja í sveitarfélagið til að njóta nálægðar við afkomendur sína sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu eða ef viðkomandi hafa búið stóran hluta ævi sinnar í Sandgerði.

## **6. gr.**

### **Forgangsröðun umsókna**

Ef fleiri en einn umsækjandi er um sömu íbúð skal umsóknum forgangsraðað á grundvelli mats. Við mat á umsókn er tekið tillit til aldurs, húsnæðisaðstæðna, þjónustuþarfar og færni umsækjanda. Félagsþjónusta Sandgerðisbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Sveitarfélagsins Voga framkvæmir matið.

## **7. gr.**

### **Tilkynning um afgreiðslu umsóknar**

Umsækjendur fá skriflega tilkynningu um það hvort umsókn þeirra hafi verið samþykkt eða synjað. Hafi umsókn verið samþykkt hefur umsækjandi sjö daga frest til að tilkynna hvort hann þiggi íbúðina eða ekki.

Um leið og synjun umsóknar er tilkynnt skal umsækjanda tilkynntur réttur hans til að fara fram á að fjölskyldu- og velferðarnefnd fjalli um umsóknina. Umsækjandi hefur fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til nefndarinnar frá því honum barst vitneskja um ákvörðun.

Fjölskyldu- og velferðarnefnd skal fjalla um erindið og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er. Ákvörðun fjölskyldu- og velferðarnefndar skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Málskotsfrestur til úrskurðarnefndar er 3 mánuðir frá því að umsækjanda var kynnt niðurstaða nefndarinnar.

## **8. gr.**

### **Leigusamningur**

Sviðsstjóri húsnæðis-, skipulags- og byggingarmála, eða starfsmaður í umboði hans, gerir leigusamning við leigutaka fyrir hönd Sandgerðisbæjar.

## **9.gr.**

### **Samvinna við umsækjanda**

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti umboðsmann hans ef við á. Umboðsmáður skal framvísa skriflegu umboði.

**10. gr.**

**Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum**

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti.

Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Starfsmenn þjónustuíbúða eru bundnir þagnarskyldu um þau atriði er þeir komast að í starfi sínu.

Þagnarskylda helst þótt starfsmenn láti af störfum.

Samþykkt í bæjarstjórn Sandgerðisbæjar 5. maí 2015